

Reykjavík, 6. nóvember 2014

Samkomulag um sátt vegna brots Fjarskipta hf. á 122. og 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti

Hinn 28. ágúst 2014 gerðu Fjármálaeftirlitið og Fjarskipti hf. með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots félagsins á 122. og 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Fjarskipti hf. (málsaðili) viðurkennir að hafa brotið gegn 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti (vvl.) með því að hafa ekki tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um frestun á birtingu innherjaupplýsinga jafnóðum og heimild til frestunar var nýtt hinn 27. janúar 2014.

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 128. gr. vvl. með því að hafa ekki tilkynnt Fjármálaeftirlitinu þegar í stað um breytingar á upplýsingum um fruminnherja félagsins þegar breytingar urðu á stjórn málsaðila hinn 26. mars 2014.

Málsaðili fellst á að greiða sátt að fjárhæð 1.525.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar. Þá hefur málsaðili gripið til ráðstafana til að stuðla að því að atvik sem þetta eigi sér ekki stað á ný.

Málsatvik

Hinn 27. janúar 2014 sendi málsaðili Fjármálaeftirlitinu lista yfir tímabundna innherja. Fjármálaeftirlitinu hafði ekki borist tilkynning um að málsaðili hefði tekið ákvörðun um að nýta heimild til frestunar á birtingu innherjaupplýsinga í samræmi við 4. mgr. 122. gr. vvl. Ljóst er að með sendingu lista yfir tímabundna innherja höfðu myndast innherjaupplýsingar hjá málsaðila í síðasta lagi hinn 27. janúar 2014, sem frestað hafði verið birtingu á. Málsaðili vanrækti að senda Fjármálaeftirlitinu jafnóðum tilkynningu um að heimild til frestunar á birtingu innherjaupplýsinga hefði verið nýtt.

Hinn 26. mars 2014 fór fram aðalfundur málsaðila. Á fundinum var kosin ný stjórn og voru gerðar mannabreytingar vegna eins stjórnarsætis. Málsaðili uppfærði lista yfir fruminnherja og aðila fjárhagslega tengdum fruminnherjum hinn 7. apríl 2014, eða 12 dögum eftir að breytingar urðu á samsetningu stjórnarinnar. Málsaðili vanrækti að senda Fjármálaeftirlitinu uppfærða lista þegar í stað þegar breytingar urðu á stjórn hans.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Lagagrundvöllur

Samkvæmt 1. mgr. 122. gr. vvl. ber útgefanda fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Útgefanda fjármálagerninga er á eigin ábyrgð heimilt að fresta birtingu innherjaupplýsinga og ber honum þá að uppfylla kröfur 4. mgr. 122. gr. vvl. Skal Fjármálaeftirlitinu tilkynnt um frestun á birtingu innherjaupplýsinga jafnóðum og heimild til frestunar er nýtt.

Samkvæmt 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) ber útgefanda að senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um fruminnherja og tímabundna innherja, eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti og þegar í stað ef breytingar verða á upplýsingunum. Samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 128. gr. vvl. skal einnig senda upplýsingar um aðila sem eru fjárhagslega tengdir innherjum.

Brot á 122. gr. og 128. gr. vvl. geta varðað stjórnvaldssektum, sbr. 36. og 42. tölul. 1. mgr. 141. gr. laganna, og geta sektir sem lagðar eru á lögaðila vegna hvors brots fyrir sig numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr., sbr. 3. mgr. 141. gr. laganna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 122. gr. og 128. gr. vvl. með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 142. gr. laganna og reglur nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt.

Ákvörðun sáttarfjárhæðar

Fjárhæð sáttar er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að afsláttur sé veittur af þeirri heildarfjárhæð sem ætla má að stjórnvaldssekt gæti numið að teknu tilliti til þyngingar- og mildunarsjónarmiða en við mat á afslætti skal litið til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar sátt er náð.

Við ákvörðun sáttarfjárhæðar í máli þessu hefur Fjármálaeftirlitið litið til þess að upplýsingaskylda útgefanda samkvæmt 122. gr. vvl. og skylda til að senda lista yfir fruminnherja og aðila fjárhagslega tengdum fruminnherjum samkvæmt 128. gr. vvl. eru tvær af grundvallarstoðum heilbrigðs og virks fjármálamarkaðar en reglum um meðferð innherjaupplýsinga er ætlað að treysta gagnsæi fjármálamarkaðar, jafnræði fjárfesta og heiðarleika í verðbréfavíðskiptum. Um leið og útgefendur fjármálagerninga taka ákvörðun um að óska eftir að fjármálagerningar verði teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, gangast þeir undir ákveðnar skyldur sem slíkir.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Þá hefur Fjármálaeftirlitið litið til þess að málsaðili hefur sýnt samstarfsvilja við vinnslu málanna og að um fyrstu brot útgefanda er að ræða.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots og atvikum máls að öðru leyti er sáttarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 1.525.000 krónur.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt (nú reglur nr. 728/2014).

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sáttarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sáttarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís af því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt, sbr. 45. tölul. 1. mgr. 141. gr. vvl.